

From: Valur Rafn Halldórsson <valur.rafn.halldorsson@samband.is>
Sent: miðvikudagur, 17. mars 2021 20:58
To: Valur Rafn Halldórsson <valur.rafn.halldorsson@samband.is>
Subject: Landsþingi frestað
Importance: High

Til allra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga,

17. mars 2021

Eins og hefur verið kynnt fyrir öllum sveitarfélögum, landshlutasamtökum og kjörnum landsþingsfulltrúum sveitarfélaga þá stóð til að halda landsþingið 26. mars nk. á Grand hótél Reykjavík og í gegnum fjarfundarbúnað. Í ljósi hertari reglna fyrir svona stóra viðburði hefur stjórn sambandsins tekið ákvörðun um að fresta landsþingi fram í maí.

Stjórn taldi mikilvægt að reyna eftir fremsta megni að halda hefðbundið staðþing svo kjörnir fulltrúar fái loks tækifæri til að hittast með öðrum hætti en í hinni stafrænu veröld. Einnig eru einungis rúmir þrír mánuðir síðan við héldum vel heppnað stafrænt landsþing og því taldi stjórn réttlætanlegt að fresta þinginu með von um að geta haldið staðþing í maí. Ef sömu takmarkanir verða í gildi fyrir stóra viðburði í maí verður landsþingið haldið með stafrænum hætti.

Viljum við biðja ykkur um að láta ykkar kjörnu fulltrúa vita sem fyrst að landsþinginu hafi verið frestað. Nákvæm dagsetning verður send út um leið og hún hefur verið staðfest. Við munum einnig senda póst á alla sem hafa skráð sig nú þegar. Við biðjumst velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda og vonandi náum við að hittast í raunheimum í maí.

Kv. Valur Rafn

Með kveðju / best regards

VALUR RAFN HALLDÓRSSON
SVIÐSSTJÓRI / DIRECTOR

rekstrar- og útgáfusvið / secretariat and communication

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
ICELANDIC ASSOCIATION OF LOCAL AUTHORITIES

DET ISLANDSKE KOMMUNEFORBUND

Borgartún 30 | Pósthólf 8100 | 128 REYKJAVÍK | Sími 515 4915 | 868 1895

www.samband.is | samband@samband.is